

F230

Leiðbeiningar og reglur um ritun lokaritgerða í meistaranámi við Háskólann á Bifröst MA/ML/MS ritgerðir

Lokaritgerð í meistaranámi er fræðileg rannsóknaritgerð sem meistaranemi vinnur á eigin spýtur og skal fullnægja öllum kröfum sem almennt eru gerðar til lokaverkefna á þessu stigi háskólanáms. Markmið með lokaritgerð er að staðfesta að nemandi geti valið, undirbúið og fullunnið verkefni sem hefur fræðilegt gildi sem eykur þekkingu og færni nemandans. Lokaritgerð í meistaranámi er 30 ECTS einingar en hægt er að sækja um heimild til deildarforseta til að skrifa allt að 60 eininga ritgerð. Leyfi er veitt ef fræðilegt umfang fyrirhugaðrar lokaritgerðar krefst þess og nemandi hefur sýnt fram á verulega hæfni til rannsókna. Þetta gildir þó ekki um lokaritgerðir í ML-námi þar sem lokaritgerðir eru alltaf 30 einingar. Lengd meistararitgerða er háð efnistöfum hverju sinni og skal ákveðin í samráði við leiðbeinanda en að jafnaði er miðað við 25.000-30.000 orð í meginmáli (þ.e. að frátöldu efnisyfirliti, útdrætti, heimildaskrá og viðaukum). Nemendur skulu áætla nauðsynlegan tíma til að skrifa lokaritgerðir í ljósi þess að miðað er við að tvær ECTS-einingar samsvari einnar viku vinnu.

Nemandi sem hyggst hefjast handa við skrif lokaritgerðar í meistaranámi sækir um það í samræmi við leiðbeiningar frá háskólaskrifstofu fyrir tilskilinn umsóknarfrest (á haustönn fyrir komandi vorönn og á vorönn fyrir komandi haustönn). Ritgerðarefni skal tilgreint í umsókn og nafn leiðbeinanda. Nemendur hafa samband við þann kennara skólans (fastan kennara eða stundakennara) sem þeir óska eftir sem leiðbeinanda.

Ábyrgð nemenda

Nemandi ber sjálfur fulla ábyrgð á ritgerðarskrifum og þó nemandi njóti leiðsagnar leiðbeinanda er ætlast til sjálfstæðra vinnubragða af hálfu nemandans í meistaranámi. Nemandi hefur frumkvæði að því að skipuleggja með leiðbeinanda hvers konar leiðsögn muni henta best. Nemandi hefur frumkvæði að því að semja um form og tímasetningu viðtalstíma við leiðbeinanda sem og almennt

frumkvæði að samskiptum við leiðbeinanda. Nemandi upplýsir leiðbeinanda um framvindu verkefnis og skulu þeir skipuleggja vinnu milli viðtalstíma og/eða skilafresta verkefnis eftir því sem við á.

Nemanda ber að virða alla skilafresti sem háskólaskrifstofa ákveður. Virði nemandi ekki skilafresti er leiðbeinanda heimilt að segja sig frá verkefninu og þarf nemandi þá að hefja vinnuna á ný með öðrum leiðbeinanda og greiða háskólanum fyrir einingarnar að nýju.

Hlutverk leiðbeinanda

Leiðbeinandi meistaranema skal hafa meistaraþróf hið minnsta. Hann skal vera sérfróður á fræðasviði ritgerðar.

Leiðbeinandi gerir nemanda grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til lokaritgerða á meistarastigi, veitir honum hvatningu og aðhald. Leiðbeinandi skal veita nemanda viðtal vegna skila á rannsóknaráætlun, lokaskila og eftir atvikum skila einstakra kafla eða verkþátta. Leiðbeinandi ráðleggur nemandanum m.a. um eftirfarandi atriði: gerð rannsóknaráætlunar, afmörkun efnis, skilgreiningu markmiða og rannsóknasurninga, gagnaöflun, úrvinnslu og greiningu gagna, framsetningu á niðurstöðum, frágang og ritgerðarsmíð í heild. Öll samskipti vegna lokaritgerðar, s.s. fundir, aðstoð, handleiðsla, símtöl og tölvupóstur, teljast til viðtalstíma.

Leiðbeinanda ber að skila nemanda efnislegum athugasemdum og ábendingum innan tveggja vikna frá móttöku rannsóknaráætlunar, milliskila og lokaskila til leiðbeinanda. Leiðbeinandi skal tilkynna nemanda og kennslusviði innan tveggja vikna frá lokaskilum til leiðbeinanda ef svo verulegir annmarkar eru að dómi leiðbeinanda á verkefninu að telja megji að nemandi nái ekki að lagfæra verkefnið í tæka tíð fyrir lokaskil til skrifstofu.

Rannsóknaráætlun og milliskil

Nemendur vinna rannsóknaráætlun í samráði við leiðbeinanda. Nemandi skilar rannsóknaráætlun í kennslukerfi skólans. Leiðbeinandi skilar umsögn um áætlunina í kennslukerfi innan tveggja vikna. Ekki er gefin sérstök einkunn fyrir rannsóknaráætlun en hún þarf að vera samþykkt af leiðbeinanda. Nemandi sem ekki hefur skilað rannsóknaráætlun fyrir auglýstan skilafrest telst hafa sagt sig frá ritgerðarsmíð á önninni.

Í rannsóknaráætlun skal m.a. koma fram:

- Forsíða með vinnuheiti verkefnis, nafni nemanda og nafni námsbrautar/deildar/skóla
- Lýsing á verkefni og bakgrunnur þess
- Rannsóknarspurning/ar og rannsóknarmarkmið
- Tilgangur verkefnis þar sem m.a. kemur fram hagnýtt eða fræðilegt gildi
- Fræðilegur bakgrunnur og hugtök og kenningar sem vinna á með í verkefninu
- Aðferðir og vinnubrögð við vinnslu verkefnisins (s.s. gagnaöflunaraðferðir)
- Tímasett verkáætlun verkefnis
- Drög að efnisyfirliti
- Heimildaskrá með lista yfir helstu heimildir sem gert er ráð fyrir að verði notaðar við vinnslu verkefnisins

Í milliskilum til leiðbeinanda skal frumleikaskýrsla (Originality report) frá ritstuldarforritinu Turnitin fylgja skilunum.

Lokaskil ritgerða

Nemandi skilar lokauppkasti að ritgerð til leiðbeinanda á kennslukerfi skólans eigi síðar en fjórum vikum fyrir lokaskil til háskólaskrifstofu svo nemandinn hafi ráðrúm til að bregðast við þeim athugasemdum sem koma frá leiðbeinanda. Leiðbeinandi skilar umsögn um uppkastið innan tveggja vikna. Ef annmarkar eru á verkefninu sem leiðbeinandi telur að nemanda sé ekki unnt að lagfæra áður en til lokaskila til skrifstofu kemur skal leiðbeinandi tilkynna það nemandanum og kennslusviði innan þessara tveggja vikna. Nemanda gefst þá kostur á að gera úrbætur á lokaritgerð sinni og skila að nýju fyrir næsta lokaskiladag lokaritgerða (á næstu önn), hafi hann ekki frestað ritgerðarskilum áður. Um þessa heimild nemanda til úrbóta á lokaritgerð gilda sömu reglur og um frestun, sjá hér á eftir. Nemanda er ekki heimilt að skila ritgerð til háskólaskrifstofu nema að fengnu samþykki leiðbeinanda. Neiti leiðbeinandi að staðfesta að lokaritgerð sé tæk til skila getur nemandi vísað þeirri ákvörðun til deildarforseta.¹

Samhliða lokaskilum til skrifstofu skila nemendur endanlegri rafrænni útgáfu ritgerðarinnar í Skemmuna, stafrænt varðveislusafn háskóla, og setja staðfestingu þess efnis í kennslukerfi skólans. Skil í Skemmuna eru forsenda þess að ritgerð fari í prófdæmingu. Háskólabókavörður yfirfer og staðfestir skil í Skemmu fyrir birtingu ritgerðar eftir útskrift. Til samræmis við stefnu Háskólans á Bifröst um opinn aðgang að fræðaeefni skulu lokaritgerðir vera opnar í Skemmunni nema ríkar ástæður gefi tilefni til annars. Lokaritgerð getur þó aldrei verið lokuð um ókomna tíð

¹ Svo breytt með ákvörðun háskólaráðs 7. júní 2016.

heldur er skylt að tilgreina opnunardagsetningu ritgerðar. Við lokaskil til háskólaskrifstofu skal eftirfarandi gögnum skilað:

- PDF-útgáfu lokaritgerðar á kennslukerfi skólans
- Tveimur prentuðum eintökum á háskólaskrifstofu
- Útfylltri yfirlýsingu um meðferð lokaverkefna í kennslukerfi skólans
- Eyðublað vegna ritgerðarskila þar sem fram koma lykilhugtök ritgerðar og titill ritgerðar á ensku í kennslukerfi skólans
- Turnitin-skýrslu í kennslukerfi skólans
- Staðfestingu á rafrænum skilum ritgerðar í Skemmu í kennslukerfi skólans (sjálfvirkt svar frá Skemmu)

Vanti eitthvað af ofangreindum gögnum fer ritgerð ekki í prófdæmingu.

Meistaravörn

Fullbúin lokaritgerð í meistaránámi skal varin frammi fyrir dómnefnd sem samanstendur af prófdómara og leiðbeinanda. Dómnefnd gefur sameiginlega einkunn fyrir ritgerðina. Meistaravarnir eru skipulagðar eftir að skil hafa farið fram, að jafnaði í janúar fyrir ritgerðir sem skilað er á haustönn og í maí fyrir ritgerðir sem skilað er á vorönn. Prófdómari skal vera sérfróður á hlutaðeigandi fræðasviði og skal hafa meistarapróf hið minnsta. Í þeim tilfellum sem leiðbeinandi er úr hópi starfsmanna skólans skal prófdómari að jafnaði vera utanaðkomandi sérfræðingur en sé leiðbeinandi fenginn utan frá skal prófdómari að jafnaði vera úr hópi fastra starfsmanna við skólann.

Prófdómari skal tilkynna leiðbeinanda og kennslusviði eigi síðar en viku fyrir áætlaða vörn hvort hann telji ritgerð tæka til varnar.

Telji prófdómari að ritgerðin standist ekki eðlilegar kröfur er nemandi gefinn kostur á að gera úrbætur á ritgerð sinni og er þá vörn frestað eftir því sem svigrúm leyfir. Uppfylli lokaritgerð ekki kröfur prófdómara að loknum úrbótum eða ef við vörnina reynast á henni gallar sem koma í veg fyrir að hún uppfylli kröfur hans þarf nemandinn að vinna nýja ritgerð með öðrum leiðbeinanda og greiða fyrir einingarnar að nýju.

Prófdómari og leiðbeinandi skulu funda fyrir upphaf varnar og hafa samráð um fyrirkomulag varnarinnar, spurningar til nemanda og námsmat. Endanleg einkunn er ákveðin að vörn lokinni enda er frammistaða í henni hluti af námsmati.

Meistaravarnir eru lokaðar. Vörnin stendur að hámarki í eina klukkustund og fer þannig fram að nemandi hefur framsögu um ritgerð sína og hefur til þess allt að 15 mínútur. Að því loknu leggur prófdómari (og leiðbeinandi eftir atvikum) spurningar fyrir nemandanum sem fær tækifæri til að svara spurningum og rökstyðja efnisatriði sem dómnefnd þykir óljós. Leiðbeinandi er fundarstjóri í vörninni og gætir þess að nemandi og prófdómari fái jöfn tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Að því loknu vikur nemandi af fundi á meðan prófdómari og leiðbeinandi koma sér saman um einkunn. Þá er nemandanum tilkynnt niðurstaða dómnefndar og er hún endanleg og ekki kæránleg. Nemandi fær birta skriflega umsögn dómnefndar og lokaeinkunn fyrir verkefnið í kennslukerfið eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að vörn fór fram og ber leiðbeinandi ábyrgð á að þær upplýsingar rati í kennslukerfi skólans.

Að lokinni vörn getur dómnefnd farið fram á að nemandi geri breytingar á ritgerð sinni og skal nemandi verða við því. Slíkar breytingar geta þó aldrei haft áhrif á einkunn.

Um ritgerðardrög sem metin eru til eininga

Unnt er að meta ritgerðardrög til allt að 22 ECTS-eininga á önn. Til fyrstu 6 ECTS-eininga ritgerðarinnar telst rannsóknaráætlun sem nemandi hefur skilað. Skil á rannsóknaráætlun ber leiðbeinanda að staðfesta skriflega við kennslusvið og fær nemandi þær einingar merktar „staðið“ í námsferil sinn. Til að unnt sé að meta ritgerðarhluta til fleiri en 6 ECTS-eininga skal nemandi auk þess hafa skilað efni sem að mati leiðbeinanda uppfyllir kröfur hlutaðeigandi deildar og þarf leiðbeinandi að skila inn staðfestu eyðublaði þess efnis sem nálgast má hjá kennslusviði.

Frestun ritgerða milli anna

Sjái nemandi fram á að ná ekki að skila lokaritgerð sinni fyrir auglýstan lokaskilafrest skal hann tilkynna kennslusviði það áður en skilafrestur rennur út. Nemandi sem ekki skilar lokaritgerð á tilsettum tíma án þess að hafa samband við kennslusvið telst fallinn í námskeiðinu og skal nemandi greiða ritgerðargjald að fullu, skrái hann sig aftur í lokaritgerð.

Nemandi í meistaranámi getur að hámarki frestað ritgerð sinni í tvær annir (sumarönn ekki meðtalin) frá upphafi skráningar án þess að þurfa greiða fyrir einingar lokaritgerðarinnar aftur. Skili nemandi ekki innan þess tíma skal hann greiða fyrir þriðjung þeirra eininga sem ritgerðin nemur. Ritgerðargjald þetta er innheimt þegar nemandi óskar eftir skráningu í ritgerðarnámskeið að nýju. Nemandi sem frestar ritgerð ber sjálfur ábyrgð á að vera skráður í ritgerðarskrif á ný og hefur hann samband við kennslusvið í upphafi annar til að skrá sig að nýju. Leiðbeinandi nemanda skal staðfesta skriflega til kennslusviðs heimild nemanda til áframhaldandi vinnu við sömu ritgerð.

Frestun ritgerðar á milli anna er á ábyrgð nemanda en hafi tilnefndur leiðbeinandi ekki tök á að vinna með nemanda áfram eftir frestun skal nemandi greiða áðurgreint ritgerðargjald, jafnvel þótt um sé að ræða frestun innan tveggja anna frá upphafi skráningar.

Að þremur árum liðnum fyrnist sú inneign sem nemandi kann að hafa átt í samræmi við reglur skólans um fyrningu inneignar vegna skólagjalda. Hafi nemandi ekki skilað lokaritgerð sinni innan þriggja ára skal hann því greiða að fullu fyrir einingar lokaritgerðarinnar.

Frágangur ritgerða

Áhersla skal lögð á vönduð vinnubrögð í hvívetna við allan frágang ritgerða. Gæta skal sérstaklega að ráðvendni við heimildaskráningu en við meðferð heimilda skal farið að reglum Háskólans á Bifröst. Misbrestur á meðferð heimilda, ritstuldur, kynning á efni annarra líkt og það væri eigið verk og falsanir af öllu tagi geta varðað brottrekstri í samræmi við reglur Háskólans á Bifröst.

Eftirfarandi gildir um uppsetningu ritgerða:

- Lokaverkefni skulu snyrtilega uppsett í tölvu á A4 síður í þar til gerðu sniðmáti sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans
- Nota skal vel læsilegt og skýrt letur, t.d. 12 pt. Times New Roman, 11 pt. Arial eða sambærilegt letur
- Miða skal við eitt og hálf línubil
- Ritgerð skal hafa blaðsíðutal neðst á síðu

Til leiðbeiningar er hér farið yfir dæmigerða efnisröðun lokaritgerðar:

- Forsíða (nota skal sniðmát sem nálgast má [hér](#))
- Saurblað
- Staðfestingarblað (á [heimasíðu](#))
- Samningur um trúnað ([ef við á](#))
- Titilsíða (sömu upplýsingar og á forsíðu, auk línu fyrir stimpil skólans)
- Höfundarréttaryfirlýsing
- Útdráttur (hér er í örstuttu máli greint frá helstu hugtökum, tilgátum og aðferðum sem beitt er við ritgerðarvinnuna og framkvæmd rannsóknar ef við á. Greint er frá helstu niðurstöðum og hvernig megi túlka þær (240 orð að hámarki)
- Útdráttur á ensku (240 orð að hámarki)
- Formáli með undirskrift nemanda. Þar skulu koma fram upplýsingar um vægi verkefnisins í einingum og nafn leiðbeinanda ritgerðar
- Efnisyfirlit
- Yfirlit um myndir og töflur eftir því sem við á
Inngangur: Gerð er grein fyrir afmörkun viðfangsefnisins, tilgangi þess og gildi og útskýrt hvaða aðferðum höfundur hyggst beita ásamt rökstuðningi fyrir þeirri leið sem farin er
- Meginmál: Í meginmáli er efni ritgerðarinnar, hugmyndir og kenningar sem fjallað er um útskýrt og rætt (skipt upp í kafla með viðeigandi hætti)
- Samantekt og niðurstöður: Í niðurlagi eru aðalatriði ritgerðar dregin saman og niðurstöður skýrðar
- Heimildaskrá
- Listi yfir viðtöl og heimildamenn ef við á
- Fylgiskjöl ef við á
- Saurblað
- Baksíða

Staðfest af rektor 21. júní með gildistöku 1. ágúst 2017

Viðauki 1 - Viðmið um mat á ritgerðum

Einkunnaskali fyrir meistaraverkefni við Háskólann á Bifröst

- 10 fyrir frábæra úrlausn sem sýnir skapandi, gagnrýna hugsun og innsæi. Einkunn þessi er einungis gefin fyrir úrlausn sem skarar fram úr öðrum.
- 9 - 9,5 framúrskarandi skilningur og færni, framúrskarandi notkun kenninga og fræðagrunns, skýrt fræðilegt framlag og nýnæmi.
- 8 - 8,5 mjög góð þekking og skilningur á kenningum og fræðilegum forsendum. Skýr umfjöllun, eftirtektarvert fræðilegt framlag.
- 7 - 7,5 greinargóð þekking á efninu, færni við að nota og vinna með kenningar, skýr sýn á viðfangsefnið og fræðilegar forsendur þess.
- 5,5 - 6,5 sæmileg þekking á grundvallaratriðum, nokkur þekking á kenningum og fræðagrunni, viðleitni til að fjalla gagnrýnið og sjálfstætt um efnið.
- 5 lágmarksþekking á grundvallaratriðum, lágmarksskilningur á kenningum og fræðilegum forsendum sviðsins.
- 0 - 4,5 óviðunandi verk.